

L Ö G

65

31. maí

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi undir yfirstjórn ráðherra stjórn flugmála og annast rekstur flugvalla ríkisins. Þrír þeirra skulu kosnir blutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar tvo menn með sérþekkingu á flugmálum í ráðið, annan til 8 ára, en hinn til 4 ára, og sé hinn fyrirtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.

Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar flugmálastjóra og flugvallastjóra að fengnum tillögum flugráðs.

Flugmálastjóri skal undir stjórn flugráðs fara með störf þau, sem hér greinir: Nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varða og ekki snerta rekstur flugvalla.

Flugvallastjóri annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins undir stjórn flugráðs.

Í erindisbréfum, er ráðherra setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf flugmálastjóra og flugvallastjóra.

Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn flugmálastjóra og flugvallastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.

Þar til laun flugmálastjóra, flugvallastjóra og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

3. gr.

Ráðherra setur reglur, eftir því sem þurfa þykir, um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum nr. 24 12. febrúar 1945, svo og um alla framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi felld 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945.

Bráðabirgðaákvæði.

Starfstímabil þeirra flugráðsmanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og annars þeirra flugráðsmanna, er ráðherra skipar, skal vera til ársloka 1951, en hins fyrsta formanns ráðsins til ársloka 1955.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.